



Sveitarstjórn

Akureyri 3. apríl 2024

Efni: Beiðni um styrk til reksturs Bjarmahlíðar þolendamiðstöðvar á Akureyri í tilefni af 5 ára starfsafmæli samtakanna.

Þann 1. apríl 2019 hóf Bjarmahlíð þolendamiðstöð á Akureyri starfsemi sína sem tilraunaverkefni styrkt af Dómsmálaráðuneyti og Félagsmálaráðuneyti. Úrræðið er rekið sem samstarfsverkefni ólíkra aðila í því skyni að aðstoða þolendur ofbeldis við að vinna úr afleiðingum þess og fá viðeigandi aðstoð hverju sinni. Samstarfsaðilar Bjarmahlíðar eru ýmist stjórnvöld, sveitarfélög eða frjáls félagasamtök, þau eru: Aflið-þolendasamtök, Akureyrarbær, Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Kvennaráðgjöfin, Lögreglustjórnin á Norðurlandi eystra, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Samtök um kvennaathvarf og Sjúkrahúsið á Akureyri. Allir samstarfsaðilarnir leggja til þjónustu við skjólstæðinga Bjarmahlíðar með einhverjum hætti.

Verkefnið hefur löngu sannað gildi sitt og veitt mörgum þolendum aðstoð á erfiðum stundum. Bjarmahlíð þjónustar alla sem þangað leita óháð lögheimili og er þjónustan án endurgjalds. Í gegnum tíðina hafa þolendur af öllu landinu leitað til Bjarmahlíðar en þó mest frá sveitarfélögum á Norðurlandi og Austurlandi. Verkefnið er enn fjármagnað frá ári til árs með aðkomu fjárlaganefndar Alþingis og hefur ekki komist á fjárlög. Þá eru samtökin um rekstur Bjarmahlíðar háð styrkjum frá einstaklingum og félagasamtökum. Bjarmahlíð er 5 ára um þessar mundir en fyrsti skjólstæðingurinn leitaði til Bjarmahlíðar 10. maí 2019. Til stendur að halda upp á starfsafmælið föstudaginn 10. maí næstkomandi með nánar kynntum viðburði.

Af þessu tilefni vill undirrituð, sem stjórnarformaður Bjarmahlíðar **óska eftir því við sveitarfélagið að það leggi rekstri Bjarmahlíðar til styrk í því skyni að þolendamiðstöðin geti haldið áfram að vaxa.**

Fyrir hönd Bjarmahlíðar er ákall sent til allra sveitarfélaga í umdæmi lögreglustjórnans á Norðurlandi eystra, Norðurlandi vestra og Austurlandi. Stærstu sveitarfélögin í landinu styðja þolendamiðstöðvar en betur má ef duga skal. Sífelld háværing raddir heyrast um að lögbinda þurfi að sveitarfélög beri ábyrgð á þjónustu við þolendur ofbeldis enda það hlutverk talið falla undir félagsþjónustu hlutverk þeirra. Í því sambandi er minnt á það sem fram kemur í skýrslu starfshóps Félags- og vinnumarkaðsráðuneytis er nefnist *Fyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis*, sem kom út í mars 2023. Þar er lagt er til að lagabreyting verði gerð á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þannig að sveitarfélög beri ábyrgð á því að þolendur ofbeldis fái viðeigandi þjónustu í samræmi við lagaumhverfi á Norðurlöndunum, þar sem sveitarfélögin



Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

Pórunnarstræti 138 - 600 Akureyri - Sími 444 2800
Kt. 670814-0410

bera hitann og þungan af slíkri þjónustu.¹ Þá er minnt á skýrslu Kristínar Önnu Hjálmarsdóttur sem ber heitið *Greining á þjónustumiðstöðvum fyrir þolendur ofbeldis* og kom út í júní 2023² þar sem fjallað er um þörfina á því að kveðið sé á um ábyrgð sveitarfélaga á þjónustu við þolendur ofbeldis í lögum um félagsþjónustu. Slóðir á skýrslurnar eru hér neðanmáls.

Þess er óskað að sveitarstjórn taki erindið til skoðunar og hugsi hlýtt til Bjarmahlíðar þolendamiðstöðvar.

Virðingarfyllt,

Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri og stjórnarformaður Bjarmahlíðar.

¹ https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Fyrirkomulag_thjonustu_vegna_ofbeldis_skyrsla%20starfshops_2023.pdf

² https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Greining_%c3%9eolendamidstodvar_juni2023_lokautgafa.pdf